

Ferðasaga risaurriða í Þingvallavatni

Jóhannes Sturlaugsson Laxfiskum

Risaurriði á riði

Risavaxnir urriðar Þingvallavatns synda ofarlega í huga íslenskra veiðimanna. Enda hefur annáluð stærð þeirra og afl skipað þeim á sérstakan stall, sem og dulúðugt líferni þeirra í stórbrotinni náttúru Þingvallavatns. Í haust brá svo við að greinarhöfundur veiddi einn af heldri urriðum Þingvallavatns í merkingarskyni þegar hann kom til hrygningar á riðin í Öxará (1. mynd). Um var að ræða 12 ára gamlan hæng sem ég hafði hitt 2 árum fyrr í Öxaránni þá tæp 9 kg að þyngd (2. mynd). Við endurfundina núna í október var hængurinn hinsvegar orðinn tæp 11 kg (3. mynd). Þyngd fisksins samsvaraði því 22 pundum sem myndi jafngilda rúmum 24 pundum í gömlu veiðimannapundunum (450 g) sem gjarnan koma við sögu í frásögnum af fyrri tíma veiðum á Þingvallaurriða. Stærð fisksins ein og sér var í frásögur færandi enda annar eins fiskur ekki veiðst í Öxará svo vitað sé og um leið var fiskurinn kominn í hóp með stærstu urriðum úr Þingvallavatni. Þessi happafengur var þó merkilegastur fyrir þær sakir að hann skilaði af sér 2ja ára nákvæmri ferðasögu. Það gerði urriðinn fyrir tilstilli rafeindafiskmerkja sem hann bar á ferðum sínum, þ.e.a.s. allt frá því að greinahöfundur veiddi hann og merkti í Öxaránni 2 árum fyrr, í október 2003. Hér verða valin dæmi þeirrar sögu skoðuð til að gefa innsýn í líf þessa stórvaxna urriða. Megin drættir þeirrar hegðunar eru um leið dæmigerðir fyrir það sem margir kynþroska urriðameðbræður hans úr Öxará aðhafast. Áður en sundtökin verða tekin með hængnum góða í ferðum hans um Þingvallavatn er rétt að minnst á rannsóknirnar sem standa að baki upplýsingum og aðferðafræði þeirra.

Rannsóknirnar

Rannsóknafyrirtækið Laxfiskar ehf stundar þessi árin viðamiklar rannsóknir á urriðum Þingvallavatns og niðurstöðurnar sem hér verða reifaðar eru dæmi um það sem þegar liggur fyrir frá þeirri vinnu. Megin markmið rannsókna er að afla ítarlegra tímatengdra upplýsinga um útbreiðslu, atferli og umhverfi Þingvallaurriða árið um kring með hliðsjón af stofnum þeirra og lífsskeiðum, kyni fiskanna, stærð þeirra og aldri. Viðamestu upplýsinganna og um leið þeirra sértækustu er aflað með notkun rafeindafiskmerkja sem fest eru útvortis á urriðana. En þau merki gera kleift að fylgjast náið með tiltekinni hegðun þeirra og ákveðnum þáttum í umhverfi þeirra. Slík einstaklingsvöktun á ferðum urriðanna, hegðun þeirra og umhverfi hverju sinni stendur yfirleitt yfir í 1- 2 ár í kjölfar hverrar merkingar. En stundum er vöktuninni haldið áfram með því að merkja endurheimta fiska að nýju með rafeindafiskmerkjum. Þessu til viðbótar eru urriðar einnig merktir einvörðungu með hefðbundnum útvortis fiskmerkjum (plastmerki/slöngumerki við hlið bakugga) til að afla viðbótarupplýsinga á einstaklingsgrunni um almenna þætti í lífi fiskanna s.s. um vöxt þeirra og aldur. Hrygningarfiskar eru meirihluti þeirra urriða sem merktir eru, en einnig eru ókynþroska fiskar merktir allt frá seiðum og upp í væna geldfiska. Merkingar fara fram í Öxaránni yfir hrygningartímann að hausti og í byrjun vetrar og ennfremur í Þingvallavatni innan allra árstíða í samstarfi við bændur á svæðinu. Uppistaðan í

endurheimtum á urriðum merktum með rafeindafiskmerkjum er í Öxará, en merktir urriðar endurheimtast einnig í stangveiði og netaveiði í Þingvallavatni. Endurheimtur í Öxaránni eru samhliða því að urriðinn gengur á riðin til hrygningar, en þá er merktur fiskur veiddur til að mæla hann, fjarlægja mælimerki og stundum til endurmerkinga með nýjum merkjum. Rannsóknastyrkir gera kleift að halda úti þessum metnaðarfullu rannsóknum á atferlisvistfræði Þingvallaurriðans. Helstu styrktarbakhjarlar verkefnisins eru Þingvallanefnd (Þjóðgarðurinn á Þingvöllum), Landsvirkjun og Orkuveita Reykjavíkur. Auk þess hafa stangaveiðifélög styrkt rannsóknirnar (Ármenn, SVFR og SVH). Samstarfsaðilar Laxfiska í rannsóknunum auk bænda við Þingvallavatn eru Stjörnu-Oddi, Hafrannsóknastofnun, Prokaria og stangaveiðimenn.

Vísindastörf urriðans

Urriðinn mæti fékk tvennskonar rafeindafiskmerki er hann var merktur á hrygningarstöðvunum í Öxará í október 2003. Annarsvegar fékk hann mælimerki og hinsvegar hljóðsendimerki.

Mælimerkið var forritað til þess að mæla dýpið sem hann fór um og samtímis vatnshitann á viðkomandi dýpi á 1 mín - 1 klst mælifresti 1. árið en síðan á 2 klst fresti 2. árið. Á 4. mynd eru þessir mæliferlar sýndir í heild fyrir bæði árin og ennfreður eru sýnd dæmi um þéttustu mælingar slíkra skráninga á 5. og 6. mynd. Mælimerki þarf að endurheimta til að geta hlaðið gögnunum yfir í tölvu. Því var vinsælt að sjá að mælimerkið var á sínum stað þegar fiskurinn var endurheimtur eftir 2ja ára fjarveru, en vöxtur fiskanna veldur því að festingar merkjanna ýtast út úr fiskinum og því falla merkin gjarnan af fiskunum þegar langt er um liðið frá merkingu.

Hljóðsendimerkið sem urriðinn bar til viðbótar mælimerkinu sendir út hljóð af tiltekinni tíðni sem einkennir um leið viðkomandi fisk. Eiginleg staðsetning urriðans fæst síðan með hliðsjón af ákveðnum svæðum í vatninu þar sem komið hefur verið fyrir síritandi skráningarstöðvum. Þau hlustunardufl nema sendingar hljóðsendimerkja fiskanna og skrá í minni sitt viðveru þeirra innan skynjunarsviðsins með hliðsjón af tíma. Tvímerkingar, þ.s. notuð eru mæli- og hljóðsendimerki líkt og í tilfelli risaurriðans gefa færi á að staðsetja slíka fiska í nokkurs konar þrívídd fyrir þau tímabil sem þeir eru innan skynjunarsviðs skrásetningarduflanna. Því útlínur svæðisins sem þeir dvelja á eru þá þekktar og samtímis einnig það dýpi sem farið er um. Ferðir risans góða með hliðsjón af skráningarstöðvunum fyrir hljóðsendimerkin eru tilgreindar í mánuðum fyrir 4 skráningastöðvar af þeim 6 sem starfræktar voru á umræddu athugunartímabili (7. mynd). Hér er ekki tilgreindur sá fjöldi daga eða klukkustunda sem að baki dvölinni liggur hverju sinni. Engu að síður fæst með þessari framsetningu landfræðileg innsýn í það hvernig urriðinn sem hér er til umfjöllunnar nýtir mismunandi svæði vatnsins með hliðsjón af árstíma allt frá merkingu í október 2003 þar til að merkið losnaði af honum í janúar 2005. Í kjölfarið fylgjum við honum eingöngu eftir með vísun í gögn mælimerkisins sem hann bar allt til loka ferðarinnar sem hér er til umfjöllunar.

Ferðasaga urriðans

Þegar þessi pistill er ritaður hafa gögnin sem safnað var um ferðir risans góða og lífshætti hans aðeins verið unnin að hluta enda skammt um liðið frá því að ferðalangurinn endurheimtist í Öxará. Hægt er að sjá ýmsa megin drætti yfir hegðun urriðans og umhverfi hans hverju sinni út frá gögnum sem hér eru sett fram. Hér verður í stikkorðastíl gripið niður í ferðasögu urriðans á persónulegum nótum með vísun í gögnin frá fiskinum og stundum einnig smá viðbætur frá rannsóknunum í heild til frekari útskýringa.

Ætisgöngur í kjölfar hrygningar

Í lok október 2003 var vinur okkar farinn að lýjast á kvennafari sínu sem staðið hafði yfir allan þann mánuð í Öxaránni. Búinn nýjustu mælitækjum skellti hann sér á beit út í Þingvallavatn til hlaða geymana eftir þrotlaus átök og ástir í ánni. Lítið fannst honum til um ætið sem var í boði norður í vatni og skellti sér því suður undir Nesjahraun. Víst var um það að eilíft ráp var honum ekki að skapi í grábölvuðu skammdeginu enda fengið næga hreyfingu í Öxaránni. En fyrst að murtan þurfti að hanga í meira magni niður á 20 - 40 metra dýpi þá var ekki annað hægt en láta sig hafa það og skella sér niður eftir ætinu þegar birti til ferðalaga um miðjan daginn. Einhver hefði talið að hann væri nægilega stór enda tæp 9 kg sem fylltu þessa 93 cm sem búkurinn spannaði. Það var jú rétt en orkuleysið sem heltók hann eftir átökin á riðunum gerðu það að verkum að honum var fyrir bestu að skófla í sig fæðu í nokkrar vikur eftir hrygninguna í stað þess að hefja strax vetursetu. Það var ekki fyrr en um jólaleytið sem honum fannst tími til koma sér norður í vatn á vetursetuslóðirnar í lindavatnsinnstreyminu við norðurströndina.

Veturseta

Loks þegar kom fram í janúar fann hann hvernig veturinn hafði endanlega læst klónum í allt og alla, vatnið orðið skítkalt nema við lindirnar og hann hættur að geta melt nokkurn skapaðan hlut. Það var ekki nema eitt til ráða, risi vatns vors og áa, hlammaði sér niður á eyrugga í yfirstærð og taldi murtur í huganum.

Ætisgöngur

Það var komið að lokum mars, nú var mál að hrista af sér vetrardoðann með hækkandi sól, enda komið nóg af vetrarhangsi við norðurströndina. Maginn gaf skipanir með hækkandi vatnshita og því ekki annað að gera en kíkja markvisst á eitthvað ætilegt. Nokkur sporðtök og hann var kominn að suðurströndinni. Nú var gaman að lifa og varla komið sumar þegar Þingvallavatn bauð upp á skordýraveislu með ströndinni samhliða fiskmetinu. Murtan hans helsta æti átti þó hug hans að mestu sem fyrr og því ekki undan því skorist að stinga sér annað slagið niður í dýpið að deginum í leit að góðri máltíð. Þá sjaldan að hann sá ástæðu til að kljúfa hitaskiptalag sumarsins á þeim ferðum þá stoppaði hann stutt við í svala dýpisins. Af sama murtuáhuganum fylgdist hann vel með þegar murtan þétti sig upp undir yfirborði þegar sól var lágt á lofti eða hnigin til viðar. Sumarið leið í góðu fiskerí og hann var feitur eftir því. Haustið gekk í garð og hann sá að flestir félagarnir voru farnir að kíkja á riðin í Öxará. Vanalega hefði ætisgöngunni verið lokið hjá honum á þessum tímapunkti en þetta árið brá svo við að hann leit ekki einu sinni í áttina að hrygnunum sem syntu upp í Öxará. Murtan sem eiginlega var aldrei betri á bragðið en akkúrat núna um hrygningartímann átti hug hans allan. Ekki sakaði að hafa mitt vatnið nánast út af fyrir sig og skreppa síðan í enn frekari veiði í austurhluta vatnsins í nágrenni við Mjóanes.

Gamla sagan

Veturinn barði dyra einn ganginn enn með tilheyrandi vetursetu. Að endingu gerði vorið vart við sig ekki leið á löngu þar til að átvaktirnar voru staðnar enn á ný allan sólarhringinn sumarið á enda.

Hrygningarganga

Sumarsólin gaf að endingu eftir og gamalkunnar hvatir gerðu illilega vart við sig svo mjög að hann varð endanlega að taka hlé á átinu í október. Atlætið síðustu tvö árin höfðu skilað sér í 2 viðbótarkílóum enda lá við að hann strandaði á grynningunum við Öxaráhólmann. En lykt af tilkippilegri hrygnu gerði það að verkum að hann fór þennan sundsprett á nýju meti með tilheyrandi vatnsröst til himins á báða bóga. Hann var enn á ný komin heim.

Lokaorð

Vinur minn risaurriðinn minnir á þá staðreynd að þeir eru enn rígvænir urriðarnir í Þingvallavatni. Þeir tiltölulega fáu veiðimenn sem verða þess aðnjótandi að veiða stórrurriða í yfirstærð fá að kynnst viðureign sem á ekki sinn líkan. Í kjölfarið er það veiðimannsins að meta hvort sú upplifun hafi ekki verið það sem öllu skipti í þeim samskiptum. Ef svo er þá er víst að urriðinn er tilbúinn að kljúfa djúp Þingvallavatns enn um sinn með smá frátöfum á riðunum þegar ástin kallar.

Rannsóknir Laxfiska á atferlisvistfræði Þingvallaurriða eru komnar vel af stað. Niðurstöður þeirra rannsókna hafa nú þegar gefið mikilvæga innsýn í líf þessara fiska. Þegar rannsóknunum hefur verið lokið og marktækni þeirra náð því stigi sem til er ætlast, þá verður tiltæk notadrjúg þekking á lífsháttum Þingvallaurriða. Nauðsynlegt er að slík vitneskja liggi fyrir um þennan íbúa Þingvallavatns, ekki síst til þess að stuðla að því að aðgerðir af mannavöldum á Þingvallasvæðinu taki mið af þessum lífsháttum Þingvallaurriðans. Þannig er stuðlað að því að urriðinn í Þingvallavatni skipi áfram þann eðlilega sess sem hann hefur í merkri náttúru Þingvallavatns.




1. mynd. Risavaxin sögupersóna ferðasögunnar í höndum Jóhannesar Sturlaugssonar í október 2005 á riðunum neðan við Almannagjá. Össur Skarphéðinsson fylgist íbygginn með. Mynd: Sigurður Oddsson.




2. mynd. Sá stóri í fanginu á Jóhannesi Sturlaugssyni upp í Öxará í upphafi ferðar í október 2003. Þarna var hann aðeins tæp 9 kg að þyngd. Mynd: Sólrún Jóhannesdóttir.




3. mynd. Sá stóri í lok 2ja ára mælingaleiðangurs í október 2005, kominn í lúkurnar á Jóhannesi Sturlaugssyni eina ferðina enn. Þarna var urriðinn orðinn tæp 11 kg. Mynd: Friðrik Þór Friðriksson.




4. mynd. Myndin sýnir með hliðsjón af tíma fiskdýpið sem hængurinn stóri nýtti sér á ferðalögum sínum og áningarstöðum í Þingvallavatni og jafnframt vatnshitann sem hann upplifði hverju sinni. Á þessari mynd eru einungis sýnd gildi frá mælingum sem framkvæmdar voru á 1 - 2ja klst fresti.



5. mynd. Myndin sýnir ferðir risahængsins í Þingvallavatni innan yfir sólarhringstímabils í byrjun ágúst 2004, með hliðsjón af dýpinu sem hann hélt sig á og vatnshitanum á því dýpi. Mælingarnar standa fyrir einn þeirra sólarhringa sem að mælingar voru framkvæmdar á 1 mínútu fresti. Á myndinni má m.a. sjá er urriðinn klýfur hitaskiptalagið í tvígang á leið sinni niður á 28 m og 45 m dýpi. Jafnframt sést að þegar hann skellti sér niður á 26 m dýpi fór hann ekki í gegnum þau skil sem samkvæmt því hafa verið á dýptarsviðinu 26 - 28 m á þessum tíma sumars. Hvíti feringurinn sem teiknaður er inn á myndina afmarkar tímabil sólarhringsins sem sett er fram sérstaklega á 6. mynd til frekari glöggvunar.



6. mynd. Myndin sýnir ferðir risahængsins í Þingvallavatni fyrir hluta dags 1. ágúst 2004, með hliðsjón af dýpinu sem hann hélt sig á og vatnshitann á því dýpi. Mælingarnar að baki voru framkvæmdar á 1 mínútu fresti. Á dýptarferlinum eru hver mæling dregin fram með ljósbláu tígullaga tákni. Á myndinni sést m.a. að ferðalag félaga vors þennan dag af 15 m dýpi niður á 45 m og síðan aftur upp á 20 m dýpi stóð ekki nema 2 mínútur. Það er ekki laust við að manni detti í hug að einhver murtan hafi reynt að forða sér af síðdegismatseðli urriðans.



7. Mynd. Loftmyndin sýnir Þingvallavatn, Öxará og nánasta umhverfi ásamt afstöðu þeirra fjögurra skráningardufla fyrir hljóðsendimerki sem hér er vitnað til í umfjöllun um ferðir risaurriðans. Athuga ber að allt bendir til þess að hljóðsendimerki urriðans hafi losnað af honum í janúar 2005. Fyrir hverja stöð eru tilteknir þeir mánuðir sem urriðinn kom inn í svið stöðvanna. Skráningarduflin nema hljóðsendimerkin sem fiskarnir bera sterkt innan 600 m skynjunarradíus (innri hringur stöðvartákna) en einnig með minni nákvæmni upp að 1000 m (ytri hringur stöðvartákna). Þau gögn skráningarstöðvanna sem hér eru birt eru ekki alveg sambærileg þ.s. starfræksluskeið þeirra o.fl. þættir voru mismunandi. Birt gögn stöðvanna austan við Vatnaskot og landmegin við Nesjaey byggja á skráningum frá nánast öllu athugunartímabilinu frá og með nóvember '03 og fram í júlí 2005. Gögnin sem birt eru frá skráningum stöðvanna undan Sandey og Mjóanesi spanna tímabilið frá október 2004 fram í júlí 2005. Loftmyndakortið byggir á loftmynd sem fengin var frá Loftmyndum ehf.